

## Arcan Silibond 970 – Sealer , herðir og þekja

Sealer – gegndreypiefni sem byggir á virkri Silicat lausn , notuð til að verja steypufleti fyrir ágangi efna og veðurs og til að herða , styrkja og rykbinda steypuna. Einnig til að úða yfir blautu steypu til að varna of hraðri uppgufun. ( Cure )

Silibond – 970 er glært , vatnsþynnanlegt sealer / gegndreypiefni sem byggir á sérhannaðri lausn úr Silicat og Silane efnum. Þessi efni gera það að verkum að Silibond 970 efnið sem sett er yfir harðnaða steypu gengur í efnasambönd við sement og íblöndunarefni steypunnar og smýgur inn í háráðasprungur og holur hennar. Þannig verður yfirborð steypunnar harðara og minni líkur að þurrefni losni úr steypuni með tímanum og myndi ryk.

Efnið myndar ekki filmu á yfirborðinu og smýgur djúpt inn í steypuna og herðir yfirborðið og allt að 10 – 20 mm inn í steypuna og fyllir holur og háráðasprungur í steypunni. Efnið er leysiefnalaust , inniheldur engin eiturefni og er nánast lyktarlaust.

Silibond 970 er frábært efni yfir véslípuð gólf þar sem það býr til sterkara yfirborð og þannig gerir það að verkum að slit verður minna og minnkar líkur á fínu ryki til muna. Að auki nýtist það afar vel til að bera á nýsteipt gólf til að varna of hraðri uppgufun án þess að skilja eftir filmu á yfirborði steypunnar. Auk þess hentar það vel yfir sjónsteypu þar sem efnið breytir á engan hátt lit eða áferð steypunnar en ver hana fyrir vatni , veðrun og óhreinindum

### Ásetning – leiðbeinandi vinnubrögð

#### Sem steypuþekja / Cure á nýsteipta steypu – gólf

Þegar steypa er orðin gönguhæf úðið óblönduðu Silibond 970 yfir steypuna með lágþrýstings úðabrúsa eða málningarsprautu. Einnig má nota úðakönnu til að bera efnið á. Berið efnið jafnt á og forðist að pollar myndist.

#### **Fyrir harðnaða steypu og eldri gólf er aðferðin þessi :**

Hreinsið steypuna með léttri demantsslípun eða notið viðeigandi olíuhreinsa og háþrýstipvott.

Besti árangur næst með því að bera efnið á í 2 umferðum. Í fyrri umferð skal þynna efnið 1:1 með vatni. Strax og gólfið hefur þornað skal bera á umferð nr 2 með óþynntu Silibond 970.

Úðið óblönduðu Silibond 970 yfir steypuna með lágþrýstings úðabrúsa eða málningarsprautu. Einnig er hentugt að nota garðúðakönnu til að bera efnið á og væta vel steypuna. Berið efnið jafnt á og forðist að pollar myndist. Dreifið úr efninu með fínum kústi eða svampgúmmísköfu. Ef undirlagið er gróft er betra að nota kúst við verkið. Haldið svæðinu sem borið er á blautu í 20-30 mín og lengur ef lofthiti er lágur. Ef þurrir blettir myndast skal væta þá aftur og dreifa úr. Ef svæði virðast glansandi / með filmu eftir þornun skal bleyta þau aftur með vatni og skafa/ bursta yfir. Leifar af þessari blöndu þorna á yfirborðinu og er hægt að bursta af eða ryksuga eftir þornun.

**Efnisnotkun:** Á véslípaða steypu er efnisnotkun ca 0,15 – 0,2 kg/m<sup>2</sup>. Magnið getur farið upp í 0,4-0,5 kg/m<sup>2</sup> ef steypa er grófare og drekkur mikið í sig.